

Reglugjörð

um ráðstafanir til að tryggja verslun landsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 6, 8. febrúar 1917, um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins, eru hjer með sett eftirfarandi fyrirææli.

1. gr.

Skylt er kaupmönnum, fjelögum, svo og einstökum mönnum að senda stjórnarráðinu fyrir 9. júní næstkomandi nákvæmar skýrslur, að viðlögðum drengskap, um allar birgðir af ull, sem eru í eign þeirra eða vörslum og til hafa fallið fyrir 1. janúar 1918. Í skýrslunum skal greina, talið í kílógrömmum, hve mikið sje af eftirgreindum tegundum og hvar þær sjeu geymdar:

1. Hvít vorull með fallegum blæ,
2. Hvít vorull óflokkuð,
3. Öll önnur hvít vorull,
4. Alsvört vorull,
5. Mislit vorull,
6. Hvít haustull,
7. Mislit haustull.

Þegar gefnar eru skýrslur um birgðir af ull, sem geymdar eru í böllum, skal greina brúttóvígt (þ. e. umbúðirnar taldar með) Þegar annar maður en eigandi gefur skýrslur um ullina, skal hann jafnframt greina, hver sje eigandi hennar.

2. gr.

Landsstjórn Íslands kaupir allar birgðir af ull, sem til eru í landinu og til hafa fallið fyrir 1. janúar 1918, í þeim flokkum og fyrir það verð, sem hjer greinir:

- | | |
|---|------------------|
| 1. Öll hvít vorull, með fallegum blæ, vel þvegin og vel þur | kr. 4 00 pr. kg. |
| 2. Öll önnur hvít vorull, vel þvegin og vel þur | — 3.69 — — |
| 0. Nr. 1 og 2 blönduð saman | — 3 83 — — |
| 3. Öll alsvört ull, vel þvegin og vel þur | — 4.00 — — |
| 4. Öll mislit vorull, svört vorull og hvít vorull, sem ekki telst til ofanefndra flokka, vel þvegin og vel þur | — 2 86 — — |
| 5. Hvít haustull, óþvegin en þur, sem þó ekki má vera blönduð höfuðull, fótaull eða blóðugri ull, nje neinum annarlegum efnum | — 2.88 — — |
| 6. Mislit haustull, óþvegin en þur, sem þó ekki má vera blönd- | |

uð höfuðull, fótaull eða blóðugri ull, nje neinum annarleg-

87

um efnum kr. 2.51 pr. kg. 31. maí

Seljandi greiðir flutningskostnað á ullinni til næstu útflutningshafnar, nema öðruvísi um semjist.

3. gr.

Skylt er eiganda eða umráðamanni ullarbirgða, sem fallið hafa til fyrir 1. janúar 1918, að tilkynna stjórnarráðinu fyrir 9. júní næstkomandi, hvort hann vilji selja landsstjórninni ull sína með skilmálum þeim, sem greinir í 2. gr.

Öll sala á ull, sem tilfallið hefir fyrir 1. janúar 1918, til annara en landsstjórnarinnar er bönnuð frá útkomu þessarar reglugjörðar, svo og allur útflutningur slíkrar ullar, frá öðrum en landsstjórninni.

4. gr.

Nú vill eigandi eða umráðamaður ullarbirgða, sem um ræðir í reglugjörð þessari, ekki selja landsstjórninni ullina, og skal hún þá tekin eignarnámi.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. og 3. gr. reglugjörðar þessarar varða sektum allt að 500.000 kr. og enn fremur skal jafnan, auk sektar, greitt tvöfalt andvirði ullar þeirrar, sem ekki er gefin skýrsla um, samkvæmt 1. gr., eða ekki tilkynt er um sölu á samkvæmt 3. gr. eða seld öðrum en landsstjórninni eða reynt að flytja út eða flutt út af öðrum en landsstjórninni, enda varði brotið ekki þyngri refsingu að lögum. Ull sú sem ekki er gefin skýrsla um eða ekki tilkynt um sölu á eða seld öðrum en landsstjórninni eða reynt að flytja út eða flutt út af öðrum en landsstjórninni, er að veði fyrir sektunum.

6. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Áður en dómari úrskurði sektir, án þess að mál fari fyrir dóm, skal málið borið undir stjórnarráðið

7 gr.

Verði ágreiningur um skilning á ákvæðum þessarar reglugjörðar, sker stjórnarráðið úr ágreiningnum.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 31. maí 1918.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

um ráðstafanir til að tryggja verslun landsins.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 6, 8. febrúar 1917, um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins, eru hjer með sett eftirfarandi fyrirmæli.

1. gr.

Skylt er kaupmönnum, útgerðarmönnum, fjelögum svo og einstökum mönnum að senda stjórnarráðinu fyrir 14. júní næstkomandi nákvæmar skýrslur, að viðlögðum drengskap, um allar birgðir af fiski, sem eru í eign þeirra eða vörslum og til hafa fallið fyrir 1. janúar 1918. Í skýrslunum skal greina, talið í kílógrömmum, hve mikið sje af eftirgreindum tegundum og hvar þær sjeu geymdar: